

Umhverfisvöktun vegna fiskeldis í sjó

Markmið

Að fylgjast með umhverfisáhrifum vegna eldisins þannig að grípa megi til viðeigandi ráðstafana ef áhrifin verða meiri en viðmiðanir segja til um.

Vöktunaráætlun

Til þess að fylgjast með áhrifum eldisins verða gerðar mælingar í sjó og á botni.

Mælingar í sjó

Mælingar í sjó miðast við mælingar á næringarefnum; ammóníak, nítrít, nítrat og fosfat. Miða skal við eina stöð við kvíarnar, tvær stöðvar í 50 m (x m) fjarlægð frá kvíunum og eina stöð sem er nægilega fjarri til þess að áhrifa gæti ekki þar (viðmiðunarstöð). Stöðvarnar í 50 m fjarlægð frá kvíunum skulu staðsettar þannig að önnur sé ofan við kvíarnar m.v. straumstefnu, en hin undan straumi.

Sýnatökur á botni

Tekin skulu sýni á botni undir kvíunum, eitt sýni undir hverjum hring. Þá skal taka sýni í 25m og 50m fjarlægð í beinni línu undan straumi og ofan við kvíarnar m.v. straumstefnu. Einnig skal taka viðmiðunarsýni á stað í firðinum þar sem aðstæður eru sem líkastar þeim sem eru undir kvíunum og þar sem engin mengunaráhrif eru þekkt.

Mælingar á botnsýnum

Í öllum botnsýnunum skal mæla: Þykkt efsta setlagsins, lykt, litur, gerð, fóður/skítur, pH, redox-gildi og dýr skulu flokkuð. Í þeim þremur sýnum þar sem mestra áhrifa gætir skal auk þess mælt lífrænt efni (glæðitap), kopar, sink, fosfór og kóbunarefni. Allir sýnatökustaðir skulu hnitaðir með GPS.

Tíðni og tímabil sýnatöku

Sjósýni skulu tekin að vetri til, í fyrsta sinn árið 2007 og síðan á þriggja ára fresti

Setsýni skulu tekin í fyrsta sinn þegar eldið er að hefjast. Síðan skulu tekin sýni tvö ár í röð eftir að eldið er komið í fullan rekstur. Eftir þetta tímabil verður tíðni mælinga ákveðin með tilliti til þeirra gagna sem aflað hefur verið. Sýnatökur skulu fara fram innan mánaðar eftir að hámarks lífmassi hefur verið vistaður í kvíunum.

Viðmiðunargildi vegna setmælinga

Mælibreyta	Íslenskur bakgrunnur	Viðvörðunargildi	Hámarksgildi
Kopar	50 mg/kg	150 mg/kg	300 mg/kg
Sink	60 mg/kg	200 mg/kg	400 mg/kg
Lífrænt efni	12 g/kg (TOC)	"verður sett"	"verður sett"
Almennt mat		Flokkur C	Flokkur D

Aðferðir

Sýnatökubúnaður fyrir sjó- og setsýni

Mæliaðferðir fyrir efnamælingar

Matsaðferð fyrir set

Aðferð til flokkunar á dýrum